

AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2018-2030

TILLAGA AÐ BREYTINGU - BREYTING NR. 18: DALVÍKURLÍNA 2

Greinargerð – FRUMDRÖG

Dags. 22. ágúst 2022





AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2018-2030

TILLAGA AÐ BREYTINGU - BREYTING NR. 18: DALVÍKURLÍNA 2

Breyting á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 skv. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010



Samþykktir

Aðalskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur málsmeðferð
skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í bæjarstjórn

þann _____.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun
þann _____.

Önnur skipulagsgögn

Aðalskipulagsuppdráttur:

Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030.

Tillaga að breytingu - Breyting 18: Dalvíkurlína 2,

Séruppdráttur, Akureyri - Þéttbýli

dags. 22. ágúst 2022

Umhverfismatskýrsla:

Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu og umhverfismatskýrsla.

Dalvíkurlína 2, 66 kV jarðstrengur milli Akureyrar og Dalvíkur,

dags. 29.6.2022



Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
1.1	Tildrög	1
1.2	Ástæður breytingar og markmið	1
1.3	Matskylda.....	1
1.4	Málsmeðferð og kynning	2
2	Forsendur og samhengi skipulagsgerðar	3
2.1	Framkvæmd	3
2.2	Staðhættir og umhverfisaðstæður	4
2.3	Náttúruminjar.....	4
2.4	Menningarminjar.....	4
2.5	Staða skipulags.....	4
2.6	Samræmi við skipulag.....	5
3	Aðalskipulagsbreyting	6
3.1	Almennt	6
3.2	Breyting á aðalskipulagsuppdrætti.....	6
3.3	Breyting í greinargerð aðalskipulagsins	6
3.4	Áhrif aðalskipulagsbreytingar.....	6



1 INNGANGUR

1.1 TILDRÖG

Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til strengleiðar Dalvíkurlínu 2 og helgunarsvæðis hennar, þ.e. þess hluta línunnar sem liggur innan marka Akureyrarbæjar. Tillagan felur í sér breytingu á greinargerð og uppdrætti. Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við 1. mgr. 36. greinar skipulaga nr. 123/2010. Gildandi aðalskipulag, þ.e. *Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030*, var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrarbæjar þann 6. maí 2018 og staðfest þann 11. maí 2018.

Samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari eru gerðar breytingar á *Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024* og *Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020* vegna Dalvíkurlínu 2. Sett er fram sameiginleg umhverfismatsskýrsla vegna umhverfismats allra aðalskipulagsbreytinganna og matsskyldufyrirspurnar framkvæmdarinnar, í samræmi við 9. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Heiti umhverfismatsskýrslu er *Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu og umhverfismatsskýrsla. Dalvíkurlína 2, 66 kV jarðstrengur milli Akureyrar og Dalvíkur*, dags. 29. júní 2022 og er hún fylgiskjal með aðalskipulagsbreytingunni.

1.2 ÁSTÆÐUR BREYTINGAR OG MARKMIÐ

Í desember 2019 gekk mikið óveður yfir landið, þá sérstaklega á Norðurlandi þar sem yfir 30 möstur skemmdust og voru Dalvík og nærsveitir rafmagnslausar dögum saman. Í kjölfar fárviðrisins skipaði ríkisstjórnin átakshóp um úrbætur í innviðum og skilaði hann tillögum sínum í febrúar 2020. Hópurinn lagði til fjölmargar aðgerðir til að styrkja innviði landsins sem snéru m.a. að auknum áreiðanleika raforku- og fjarskiptakerfa. Ein þeirra var

tvöföldun tengingar milli Akureyrar og Dalvíkur við meginflutningskerfi raforku.

Í *Kerfisáætlun Landsnets 2021-2030*, þ.e. *Áætlun um framkvæmdaverk 2022-2024*, er gert ráð fyrir Dalvíkurlínu 2 sem hluta af endurnýjunaráætlun Landsnets. Tilgangurinn með framkvæmdinni er að tryggja örugga orkuafhengingu á Dalvík með tvöfaldri tengingu við meginflutningskerfið. Þessi nýja lína mun því gegna veigamiklu hlutverki í því að tryggja orkuafhengingu til Dalvíkur og nærsveita.

Meginmarkmið verkefnisins um Dalvíkurlínu 2 er samkvæmt *Kerfisáætlun Landsnets 2021-2030* að viðhalda afhendingaröryggi á Dalvík og tryggja að flutningskerfið standi ekki í vegi fyrir atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Jarðstrengur milli Dalvíkur og Akureyrar er talinn vera sá valkostur sem best uppfyllir meginmarkmið framkvæmdarinnar ásamt markmiðum raforkulaga og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins.

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að skapa svigrúm fyrir Dalvíkurlínu 2 í samræmi við markmið framkvæmdarinnar. Þá er markmiðið einnig að línan, þ.e. framkvæmdin og rekstur hennar, valdi eins lítilli röskun á umhverfinu og kostur er, bæði til lengri og skemmri tíma.

1.3 MATSKYLDA

Breyting á aðalskipulagi vegna Dalvíkurlínu 2 fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. 2. gr. laganna. Breytingin er unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og er tekin fyrir í bæjarstjórn Akureyrarbæjar.

Framkvæmdin við Dalvíkurlínu 2 fellur í flokk B og er hún því tilkynnt til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um hvort hún skuli háð umhverfismati, sbr. 19. og 20. gr. og lið 10.16 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.



1.4 MÁLSMEÐFERÐ OG KYNNING

Fyrirhuguð Dalvíkurlína 2 liggur innan þriggja sveitarfélaga, þ.e. Akureyrarbæjar, Hörgársveitar og Dalvíkurbyggðar. Lagning línunnar kallar á aðalskipulagsbreytingu í öllum sveitarfélögunum og var tekin saman sameiginleg skipulagslýsing fyrir breytingarnar. Skipulagslýsingin var kynnt samtímis í öllum sveitarfélögunum þann 22. desember með athugasemdafresti til 19. janúar 2022.


Alls bárust 14 umsagnir og ábendingar á kynningartíma skipulagslýsingar. Sjö þeirra vörðuðu aðalskipulag Akureyrarbæjar en þær voru frá Umhverfisstofnun, Minjastofnun, Skipulagsstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Rarik, Vegagerðinni og Norðurorku. Tekið hefur verið mið af umsögnunum við útfærslu skipulagstillögunnar.



2 FORSENDUR OG SAMHENGI SKIPULAGSGERÐAR

2.1 FRAMKVÆMD

Dalvíkurlína 2 er um 41 km langur 66 kV jarðstrengur sem liggur frá Rangárvöllum á Akureyri að tengivirki við Dalvík. Lengd strengs innan Akureyrarbæjar er um 2 km. Áætluð efnisþörf er um 1.000 m³ og er gert ráð fyrir að efnið fái úr opnum námum á svæðinu. Slóðagerð verður haldið í lágmarki og fyrirliggjandi slóðar og vegir nýttir þar sem það á við, en á þurru, grónu landi er ekki reiknað með slóðagerð. Gert er ráð fyrir að slóðar verði fjarlægðir að lokinni lagningu strengsins. Öllu yfirborðsraski verður haldið í lágmarki og þau felld vel að aðliggjandi svæðum og umhverfi. Vísað er til nánari framkvæmdalýsingar í kafla 5 í meðfylgjandi umhverfismatskýrslu, þ.e. *Tilkynning til ákvörðunar um matskýldu og umhverfismatskýrsla. Dalvíkurlína 2, 66 kV jarðstrengur milli Akureyrar og Dalvíkur.*



Mynd 2.1 Gildandi aðalskipulag, hluti séruppdráttar - Akureyri. Rauð brotalína afmarkar svæðið sem skipulagsbreytingin tekur til.



2.2 STAÐHÆTTIR OG UMhverfisaðSTÆÐUR

Innan Akureyrarbæjar liggur strengurinn um framræst og ræktað land og að mestu meðfram reiðstígum, loftlínunum og jarðstrengjum, frá tengivirkinu á Rangárvöllum til norðvesturs að sveitarfélagsmörkum. Stærstur hluti svæðisins er skilgreindur sem *óbyggt svæði* í gildandi aðalskipulagi en einnig sem *skógræktar- og landgræðslusvæði, svæði fyrir frístundabyggð og iðnaðarsvæði*.

2.3 Náttúruminjar

Samkvæmt upplýsingum á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands liggur fyrirhuguð strengleið innan Akureyrarbæjar ekki um friðlýst svæði eða svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til á B og C-hluta náttúruminjaskrár eða um náttúruvörðunarsvæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

2.4 MENNINGARMINJAR

Samkvæmt Minjavefsjá eru engar skráðar fornleifar á fyrirhugaðri strengleið innan Akureyrarbæjar. Fyrir liggja þrjár fornleifaskráningar fyrir svæðið en aðeins ein þeirra uppfyllir núgildandi staðla Minjastofnunar um fornleifaskráningu vegna skipulags og þarf því að endurskoða fornleifaskráningu á áætluðu áhrifasvæði.



Mynd 2.2 Svæðið sem skipulagsbreytingin tekur til. Skjáskot af Map.is/minjastofnun.

2.5 STAÐA SKIPULAGS

Aðalskipulag Akureyrarbæjar 2018-2023 var staðfest þann 11. maí 2018. Í markmiðum skipulagsins er m.a. lögð áhersla á að tryggð verði næg raforka til einkaneyslu og iðnaðarnota á sem hagkvæmasta hátt. Í greinargerð skipulagsins er fjallað um veitur, en undir þær falla fráveita, vatnsveita, hitaveita, rafmagn og fjarskipti.

Stefna aðalskipulagsins sem varða breytingu þessa:



KAFLI 2.1.6 IÐNAÐARSVÆÐI

Atriði úr stefnu aðalskipulags fyrir iðnaðarsvæði sem varða breytingu þessa: xx

KAFLI 2.1.10 FRÍSTUNDABYGGÐ

Atriði úr stefnu aðalskipulags fyrir frístundabyggð sem varða breytingu þessa: xx

KAFLA 2.1.14 SKÓGRÆKTAR- OG LANDGRÆÐSLUSVÆÐI

Atriði úr stefnu aðalskipulags fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði sem varða breytingu þessa: xx

KAFLA 2.1.16 ÓBYGGÐ SVÆÐI

Atriði úr stefnu aðalskipulagsins fyrir óbyggð svæði sem varða breytingu þessa: xx

Deiliskipulag

Fyrirhuguð línuleið liggur að hluta til innan *Deiliskipulags Rangárvalla*, en þar er tengivirki Landsnets staðsett. Fyrirhuguð strengleið er innan afmarkaðs lagnabeltis fyrir jarðstrengi og loftlínur. Framkvæmdin kallar því ekki á breytingu á deiliskipulaginu.

2.6 SAMRÆMI VIÐ SKIPULAG

Í gildi er *Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024* en það tekur m.a. til Akureyrarbæjar. Breytingin er í samræmi við markmið svæðisskipulagsins um að tryggja flutningsleiðir raforku að Eyjafirði og milli landshluta til þess að sjá almenningi og atvinnulífi fyrir nægri orku til daglegra nota. Einnig að lega og gerð flutningslína raforku taki mið af umhverfi, flugöryggi og verndun

góðs ræktunarlands. Breytingin kallar ekki á breytingu á svæðisskipulaginu þar sem línan er 66 kV, þ.e. undir þeim mörkum sem þar eru tilgreind.

Breytingin er einnig í samræmi við *Landsskipulagsstefnu 2015-2026* þar sem áhersla er m.a. á örugga afhendingu raforku sem nauðsynlegan þátt í að undirbyggja samkeppnishæfni einstakra byggðarlaga og landsins alls. Einnig að skipulag í dreifbýli gefi kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja sem tryggi örugga afhendingu raforku, en slík mannvirki falli sem best að landslagi og annarri landnotkun. Breytingin samræmast einnig fyrirbyggjandi byggðaaáætlun og aðgerðaaáætlun Íslands í loftslagsmálum.



3 AÐALSKIPULAGSBREYTING

3.1 ALMENNT

Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til strengleiðar Dalvíkurlínu 2 og helgunarsvæðis hennar, þ.e. þess hluta línunnar sem liggur innan marka Akureyrarbæjar. Tillagan felur í sér breytingu á greinargerð og uppdrætti. Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við 1. mgr. 36. greinar skipulaga nr. 123/2010. Gildandi aðalskipulag, þ.e. *Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030*, var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrarbæjar þann 6. maí 2018 og staðfest þann 11. maí 2018.

3.2 BREYTING Á AÐALSKIPULAGSUPDRÆTTI

Tákni fyrir Dalvíkurlínu 2 er bætt inn á uppdráttinn *Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030; Séruppdráttur, Akureyri – Þéttbýli sem Flutningslína rafveitukerfis (Dalvíkurlína 2 - jarðstrengur)*.

3.3 BREYTING Í GREINARGERÐ AÐALSKIPULAGSINS

Breyting er gerð á *Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030; Greinargerð*, þ.e. kafla 2.1.27 um *Veitur: Fráveita, vatnsveita, hitaveita, rafmagn, fjarskipti* í greinargerð. Í lok undirkafla **Línur Landsnets** er eftirfarandi texta bætt inn:

Dalvíkurlína 2

Dalvíkurlína 2 sem er 66kV jarðstrengur sem liggur frá Rangárvöllum til norðausturs meðfram reiðstígum, háspennulínum og háspennustrengjum um *óbyggt svæði* og um *Græna trefilinn SL7*. Þaðan liggur strengurinn í gegnum *svæði fyrir frístundabyggð F7* að sveitarfélagsmörkum og áfram að tengivirki við Dalvík.

Helgunarsvæði Dalvíkurlínu 2 er 7 m, þ.e. 3,5 m til hvorrar hliðar, en innan þess eru allar framkvæmdir háðar samþykki Landsnets. Taka skal mið af helgunarsvæði strengsins við gerð deiliskipulags og hönnunar *frístundabyggðar F7, Græna trefilsins SL7* og annarrar nýtingar á svæðinu. Samráð skal haft við viðeigandi veitufyrirtæki um mögulega þverun annarra lagna.

3.4 ÁHRIF AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR

Vísað er til umhverfismatskýrslu, þ.e. *Tilkynning til ákvörðunar um matskyldu og umhverfismatskýrsla. Dalvíkurlína 2, 66 kV jarðstrengur milli Akureyrar og Dalvíkur* dags. 29. júní 2022, sem er fylgiskjal með aðalskipulagsbreytingunni. Í umhverfismati áætlunarinnar eru bornir saman og metnir valkostir um legu línunnar í heild, þ.e. frá Rangárvöllum að Dalvík. Innan Akureyrarbæjar er aðeins um einn valkost að ræða auk núllkosts.

Breytt skipulag er talið hafa lítil áhrif náttúrufarslega þætti ef frá er talin losun gróðurhúsa vegna rasks á framkvæmdatíma og losunar jarðvegs. Áhrif á landslag eru óveruleg. Líklegt er að bætt raforkuöryggi hafi verulega jákvæð áhrif á hagræna þætti, einkum innan Dalvíkur og nágrennis. Efling þess svæðis er líkleg til að hafa jákvæð samfélagsleg áhrif á Akureyri og almennt í landshlutanum. Lagning jarðstrengs hefur óveruleg áhrif á ræktað land og útivist, s.s. nýtingu reiðleiðar, nema á framkvæmdatíma.

Ef núllkostur yrði fyrir valinu og framkvæmdin yrði ekki að veruleika yrði öryggi raforkuafhendingar á Dalvík og nágrenni ótryggt með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á uppbyggingu atvinnulífs á öllu svæðinu. Er það þvert á þær stefnur og áætlanir sem samþykktar hafa verið á Íslandi hvað varðar raforkuöryggi, jöfn tækifæri til atvinnu og sjálfbæra þróun byggða um allt land.